



Fræðslu-, íþrótt- og tómstundanefnd

FUNDUR - 7. febrúar 2006

Fundur haldinn í fræðslu-, íþrótt- og tómstundanefnd þriðjudaginn, 7. febrúar 2006 kl. 18:00 í grunnskólanum. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Farið yfir fjárhagsáætlun 2005 – 2006.
2. Olweusáætlunin.
3. Önnur mál.

Formaður, Margrét Einarsdóttir setti fund og gaf skólastjóra orðið.

Afgreiðslur:

1. Helgi fór yfir fjárhagsáætlun fyrir árið 2005 og ljóst er að skólinn og stofnanir (þ.e. íþróttamiðstöð, sundlaug, skóladagheimili og félagsmiðstöð) eru rekin undir áætlun. Rekstraráætlun 2006 hljóðar upp á 107.183.000.- fyrir grunnskólann, 24.382.000.- fyrir íþróttamiðstöðina, 6.656.000.- fyrir sundlaug, 5.309.000.- fyrir félagsmiðstöðina og 760.000.- fyrir skóladagheimilið.
2. Olweusáætlunin. Nokkrar umræður voru um eineltisáætlun skólans og vinnuferlið í eineltismálum. Nýlokið er að hafa kynningarkvöld þar sem þessi áætlun var kynnt fyrir foreldrum.
3. Önnur mál.
 - a. Helgi kynnti viðhorfskönnun foreldra til skólastarfsins em gerð var á foreldradaginn. Almennt kom þessi könnun mjög vel út fyrir skólann.
 - b. Árný Árnadóttir bar upp spurningu varðandi opnunartíma skóladagheimilisins þegar kennsla er óhefðbundin t.d. prófdagar, starfsdagar og foreldradagar. Helgi svaraði því að þetta mál yrði skoðað. Árný spurði einnig eftir opnunartíma íþróttamiðstöðvar, hvernig hann er ákveðinn. Helgi svaraði því að stjórnendur ákveða opnunartíma.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 20:00

Margrét Einarsdóttir
Eva Hrund Pétursdóttir
Árný Þóra Árnadóttir
Nína Margrét Pálmadóttir
Helgi Amarson, skólastjóri

Jakbobína Halldórsdóttir